

**ÁKVÖRÐUN nr. 181****frá 13. desember 2000****um túlkun 14. gr. (1. mgr.), 14. gr. a (1. mgr.) og 14. gr. b (1. og 2. mgr.) í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um löggjöf sem gildir um launþega sem starfa utan aðalstöðvanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem vinna tímabundið utan lögbærs ríkis****(Texti sem varðar EES)**

(2001/891/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARAND-LAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Uppfæra ber ákvörðun nr. 162 frá 31. maí 1996.
- 2) Ákvæði 14. gr. (1. mgr.), 14. gr. a (1. mgr.) og 14. gr. b (1. og 2. mgr.) í reglugerð (EBE) nr. 1408/71, sem gera ráð fyrir undantekningu frá almennu reglunni sem mælt er fyrir um í a-, b- eða c-lið 2. mgr. 13. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, miða einkum að því að auðvelda fyrirtækjum, sem senda launþega til starfa í öðrum aðildarríkjum en þar sem þau hafa staðfestu, að neyta réttar síns til að veita þjónustu og jafnframt að auðvelda launþegum að neyta réttar síns til að flytja til annarra aðildarríkja. Ákvæði þessi miða einnig að því að ryðja úr vegi hömlum sem líklegt má telja að hindri frelsi launþega til flutninga og að því að hvetja til fjárhagslegs samruna en forðast stjórnsýsluvandkvæði, einkum fyrir launþega og fyrirtæki.
- 3) Þannig er markmiðið með þessum ákvæðum að forða launþegum, vinnuveitendum og almannatryggingastofnunum frá stjórnsýsluvandkvæðum, sem beiting almennu reglunnar í a-, b- eða c-lið 2. mgr. 13. gr. fyrrnefndrar reglugerðar gæti haft í för með sér, þegar um er að ræða stuttan starfstíma í aðildarríki eða um borð í skipi sem siglir undir fána annars aðildarríkis en ríkisins þar sem fyrirtækið er með skráða skrifstofu eða starfsstöð eða ríkisins þar sem sjálfstætt starfandi einstaklingur stundar alla jafna starfsemi sína.
- 4) Skýra ber gildissvið a-liðar 1. mgr. 14. gr. a með hliðsjón af dómaframkvæmd dómstólsins.
- 5) Ákvæði 14. gr. (1. mgr.), 14. gr. a (1. mgr.) og 14. gr. b (1. og 2. mgr.) í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 gera ráð fyrir undantekningu á almennu reglunni sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 2. mgr. 13. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

- 6) Afmarka þer gildissvið þessara ákvæða af meiri nákvæmni og skrá í þessu skyni allnokkur sértílik sem líklegt er að komi upp.
- 7) Rýmka þer gildissvið 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. b í fyrrnefndri reglugerð til einföldunar, þannig að það taki til tilvika þegar launþegi er ráðinn í aðildarríki þar sem fyrirtæki hefur skráða skrifstofu sína eða starfsstöð með það fyrir augum að verða sendur til starfa til annars aðildarríkis eða um borð í skip sem siglir undir fána annars aðildarríkis, og er þetta gert til að taka mið af dómaframkvæmd dómstólsins.
- 8) Fyrsta grundvallarskilyrðið við beitingu 1. mgr. 14. gr. eða 1. mgr. 14. gr. b í fyrrnefndri reglugerð er að fyrir hendi séu bein tengsl milli fyrirtækisins og launþegans sem það ræður til starfa.
- 9) Vernd launþegans og réttaröryggi, sem hann og stofnunin, sem hann er tryggður hjá, eiga rétt á, er háð því að tryggt sé með öllum ráðum að bein tengsl haldist út starfstíma utan aðalstöðva.
- 10) Annað grundvallarskilyrðið við beitingu 1. mgr. 14. gr. eða 1. mgr. 14. gr. b í fyrrnefndri reglugerð er að fyrir hendi séu tengsl milli fyrirtækisins og aðildarríkisins þar sem það hefur staðfestu. Af þeim sökum ætti að takmarka möguleikann á að senda launþega til starfa utan aðalstöðva við fyrirtæki sem að jafnaði stunda starfsemi í aðildarríki þar sem launþeginn heyrir áfram undir löggjöf. Þannig myndu framangreind ákvæði eingöngu gilda um fyrirtæki sem alla jafna stunda umtalsverða starfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu.
- 11) Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir óeðlilega framlengingu starfstíma utan aðalstöðva sem afleiðingu af því að stutt hlé eru gerð á honum hvað eftir annað.
- 12) Trygging fyrir því að beinum tengslum sé viðhaldið er ekki lengur fyrir hendi ef launþegi, sem starfar utan aðalstöðva, er látinn vera til reiðu fyrir þriðja fyrirtæki.
- 13) Stjórnsýsluvandkvæðin, sem reynt er að komast hjá með ákvæðum 1. mgr. 14. gr., koma í öllu falli til ef launþegi, sem er ráðinn hjá fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki til að verða sendur til starfa til annars aðildarríkis, hefur áður heyrt undir löggjöf þriðja aðildarríkis eða þriðja lands og enn frekar hafi hann áður heyrt undir löggjöf aðildarríkisins sem hann er sendur til. Í því tilviki næðist markmið 1. mgr. 14. gr. ekki. Hið sama gildir, að breyttu breytanda, um 1. mgr. 14. gr. b.
- 14) Á meðan starfstími utan aðalstöðva varir er nauðsynlegt að viðhafa megi náði eftirlit, einkum með greiðslu iðgjalda og því að beinum tengslum sé viðhaldið, til að koma í veg fyrir misbeitingu framangreindra ákvæða og til að tryggja að stjórnsýslan, vinnuveitendur og launþegar fái viðeigandi upplýsingar.
- 15) Bæði launþeginn og vinnuveitandinn verða að vera vel upplýstir um hvaða skilyrði eru fyrir því að launþegi, sem er sendur til starfa utan aðalstöðva, megi heyra áfram undir löggjöf landsins sem hann hefur verið sendur frá.
- 16) Vottorðið (E 101-eyðublaðið) getur verið afturvirkir þótt ákjósanlegast sé að það sé gefið út fyrir fram.
- 17) Brýnt er að skilgreina nákvæmlega réttaráhrif fyrrnefnds vottorðs, sem um getur í 11. gr. og 11. gr. a í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72, og í kjölfarið skyldur stofnana til samvinnu.
- 18) Almennatryggingastofnanir skulu meta og hafa eftirlit með stöðu fyrirtækja og launþega og tryggja á viðeigandi hátt að ekki sé gengið á réttinn til að veita þjónustu eða rétt launþega til flutninga.
- 19) Grundvallarreglan um heiðarlega samvinnu, sem mælt er fyrir um í 10. gr. EB-sáttmálsans, leggur þar til bærum stofnunum ýmsar skyldur á herðar varðandi beitingu 14. gr. (1. mgr.), 14. gr. a (1. mgr.) og 14. gr. b (1. og 2. mgr.). Brýnt er að skilgreina nánar hlutverk framkvæmdaráðsins til að auðvelda beitingu þessarar grundvallarreglu.

- 20) Brýnt er að skilgreina nákvæmlega hlutverk framkvæmdaráðsins sem sáttasemjara milli stofnana með ólík sjónarmið varðandi það hvaða lög skuli gilda, svo og hvernig vísa beri máli til þess.

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. b í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 skulu gilda um launþega, sem heyrir undir löggjöf aðildarríkis (sendiríkis) á þeim forsendum að hann stundi launað starf á vegum fyrirtækis og sé sendur af því fyrirtæki til annars aðildarríkis (ráðningarríkis) til að starfa þar á vegum fyrrnefnds fyrirtækis.

Vinnan telst unnin fyrir fyrirtæki sendiríkisins hafi það verið staðfest að hún sé unnin fyrir það og að bein tengsl haldi áfram að vera á milli launþegans og fyrirtækisins sem sendi hann.

Til að unnt sé að ganga úr skugga um að slík bein tengsl haldi áfram að vera fyrir hendi, og að því gefnu að launþegi haldi áfram að starfa á vegum fyrirtækisins sem sendi hann, þarf að taka tillit til ýmissa þátta, þ.m.t. ábyrgðar á ráðningu, ráðningarsamnings, uppsagnar og starfslýsingar.

2. Í 1. mgr. 14. gr. a er þess krafist að einstaklingur hafi verið sjálfstætt starfandi á yferráðasvæði sendiríkis áður en hann fer til starfa á yferráðasvæði ráðningarríkis. Það felur í sér að viðkomandi hafi stundað umtalsverða starfsemi í tiltekinn tíma á yferráðasvæði ríkisins þar sem hann hefur staðfestu, áður en hann flyst til annars aðildarríkis til að starfa sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, og skal eðli og lengd starfsins vera fyrir fram ákveðin og skjalfest með viðeigandi samningum.

Enn fremur verður viðkomandi, á því tímabili sem hann stundar slíka starfsemi, að uppfylla áfram í sendiríki þau skilyrði sem gera honum kleift að stunda starfsemi sína þegar hann snýr til baka. Í þessu skyni verður hann að viðhalda þeirri aðstöðu og uppfylla þær skyldur og skilyrði, sem þarf til að stunda starfsemi í ríkinu þar sem hann hefur staðfestu, í samræmi við lagaákvæði sem gilda þar, svo sem að hafa skrifstofurými til afnota, greiða framlög til almannatrygginga, greiða skatta, hafa fagskírteini og virðisaukaskattsnúmer eða vera skráður hjá verslunarráðum eða fagfélögum.

3. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar ákvörðunar skulu framangreind ákvæði 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. b gilda áfram, nánar tiltekið með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Fast starfslið sent til starfa utan aðalstöðva:

Ef launþegi, sem er sendur til starfa af fyrirtæki í sendiríkinu til fyrirtækis í ráðningarríkinu, er einnig látinn vera til reiðu fyrir eitt eða fleiri önnur fyrirtæki í sama ráðningarríki, að því tilskildu þó að launþeginn haldi áfram að inna starf sitt af hendi fyrir fyrirtækið sem sendi hann. Þetta getur til að mynda átt við hafi fyrirtækið sent launþegann til annars aðildarríkis til að inna af hendi, hvert á fætur öðru eða samtímis, störf í tveimur eða fleiri fyrirtækjum sem eru staðsett í sama aðildarríki.

- b) Starfslið ráðið og sent til starfa utan aðalstöðva:

Ef launþegi, sem heyrir undir löggjöf aðildarríkis í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, er ráðinn í þessu aðildarríki, þar sem fyrirtæki hefur skráða skrifstofu sína eða starfsstöð, til að verða sendur til starfa á vegum þessa fyrirtækis annaðhvort til annars aðildarríkis eða um borð í skip sem siglir undir fána annars aðildarríkis, að því tilskildu að:

- i) bein tengsl séu á milli þessa fyrirtækis og launþegans á starfstíma utan aðalstöðva,
- ii) fyrirtækið stundi að jafnaði starfsemi sína á yferráðasvæði fyrrnefnda aðildarríkisins, þ.e. að fyrirtæki stundi að jafnaði umtalsverða starfsemi á yferráðaríki fyrrnefnda aðildarríkisins.

Til þess að ákvarða, ef nauðsyn ber til og í vafamálum, hvort fyrirtæki stundar alla jafna umtalsverða starfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem það hefur staðfestu, ber þar til bærrí stofnun í því ríki að athuga hvað einkenni starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. staðinn þar sem fyrirtækið hefur skráða skrifstofu og yfirstjórn, fjölda skrifstofufólks í aðildarríkinu þar sem það hefur staðfestu og í hinu aðildarríkinu, staðinn þar sem útsendir launþegar eru ráðnir og þar sem meirihluti samninga við viðskiptavini eru gerðir, lög sem gilda um samninga milli fyrirtækisins og launþega þess annars vegar og viðskiptamanna hins vegar og veltuna á viðeigandi, dæmigerðu tímabili í hvoru aðildarríki. Listinn er ekki tæmandi þar sem viðmiðanir skulu aðlagðar hverju tilviki fyrir sig og tekið tillit til eðlis starfseminnar sem fyrirtækið stundar í ríkinu þar sem það hefur staðfestu.

Fyrirtæki, sem hefur staðfestu í einu aðildarríki og sendir launþega til að starfa á yfirráðasvæði annars aðildarríkis og sinnir eingöngu innri stjórnun í fyrrnefnda aðildarríkinu, fellur ekki undir ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

- c) Ekki skal litið á stutt hlé á störfum launþegans hjá fyrirtækinu í ráðningarríkinu sem hlé á starfi utan aðalstöðva í skilningi 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. b.
4. Framangreind ákvæði 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. b gilda ekki eða hætta að gilda ef:
- fyrirtækið, sem launþeginn hefur verið sendur til, ráðstafar honum til annars fyrirtækis í sama aðildarríki;
  - launþega, sem hefur verið sendur til aðildarríkis, er ráðstafað til fyrirtækis í öðru aðildarríki;
  - launþegi er ráðinn í aðildarríki til að verða sendur af fyrirtæki, sem er staðsett í öðru aðildarríki, til fyrirtækis í þriðja aðildarríki.
5. a) Þar til bær stofnun í aðildarríkinu, sem hlutaðeigandi einstaklingur heldur áfram að heyra undir löggjöf hjá samkvæmt framangreindum ákvæðum 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. b, skal, í þeim tilvikum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, með réttu lagi upplýsa vinnuveitandann og viðkomandi launþega um það með hvaða skilyrðum launþegi, sem er sendur til starfa utan aðalstöðva, geti áfram heyrt undir löggjöf þess aðildarríkis sem hann kemur frá. Vinnuveitandinn skal því látinn vita af því að á starfstíma utan aðalstöðva kunni að fara fram eftirlit með því að þeim starfstíma sé ekki lokið. Slíkt eftirlit getur til að mynda tekið til greiðslu iðgjalda og til þess að beinum tengslum sé viðhaldið.

Þar til bær stofnun í aðildarríkinu, þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur staðfestu og sem sjálfstætt starfandi einstaklingur heldur áfram að heyra undir löggjöf hjá samkvæmt framangreindum ákvæðum 1. mgr. 14. gr. a og 2. mgr. 14. gr. b, skal með réttu lagi upplýsa hann um það með hvaða skilyrðum hann geti áfram heyrt undir löggjöf þess aðildarríkis sem hann kemur frá. Hlutaðeigandi einstaklingur skal því látinn vita af því að á þeim tíma, sem hann stundar tímabundna starfsemi í ríkinu þar sem hann starfar, kunni að fara fram eftirlit með því að skilyrðin, sem gilda um þá starfsemi, hafi ekki breyst. Slíkt eftirlit getur til að mynda tekið til greiðslu iðgjalda og til þess að viðhaldið sé þeirri aðstöðu og uppfylltar þær skyldur og skilyrði sem þarf til að stunda starfsemina í ríkinu þar sem viðkomandi hefur staðfestu.

- b) Jafnframt skulu launþegi, sem er sendur til starfa utan aðalstöðva og vinnuveitandi hans, upplýsa þar til bæra stofnun sendiríkisins um breytingar sem kunna að verða á starfstíma utan aðalstöðva, einkum:
- hafi starf utan aðalstöðva, sem sótt hefur verið um, ekki orðið að veruleika eða hafi framlenging starfs utan aðalstöðva, sem sótt hefur verið um, ekki orðið að veruleika,
  - hafi hlé orðið á starfseminni í öðru tilviki en því sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. þessarar ákvörðunar,
  - hafi launþega, sem hefur verið sendur til starfa utan aðalstöðva, verið ráðstafað af vinnuveitanda sínum til annars fyrirtækis í sendiríkinu, einkum við samruna, sölu eða flutning fyrirtækis.
- c) Þar til bær stofnun sendiríkisins skal, eftir því sem við á og sé þess óskað, veita stofnuninni í ráðningarríkinu þær upplýsingar sem um getur í b-lið.

- d) Þar til bærar stofnanir í sendiríkinu og í ráðningarríkinu skulu hafa samstarf um framkvæmd framangreinds eftirlits og tilvik þar sem vafi leikur á um hvort 14. gr. (a- og b-liður 1. mgr.), 14. gr. a (1. mgr.) og 14. gr. b (1. og 2. mgr.) reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 gildi.
6. E 101-eyðublaðið skal helst gefið út áður en viðkomandi tímabil hefst. Þó má gefa það út á meðan á tímabilinu stendur eða jafnvel eftir að því lýkur og er það þá afturvirkkt.
7. Samstarfskyldan, sem um getur í d-lið 5. gr. þessarar ákvörðunar, felur einnig í sér að:
- a) þar til bær stofnun í sendiríkinu láti fara fram viðeigandi mat á þeim staðreyndum sem varða beitingu 14. gr. (1. mgr.), 14. gr. a (1. mgr.) og 14. gr. b (1. og 2. mgr.) reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og 11. gr. og 11. gr. a reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og ábyrgist í framhaldi af því að upplýsingarnar á E 101-eyðublaðinu séu réttar;
- b) þar til bær stofnun ráðningarríkisins og annarra aðildarríkja telji sig bundna af E 101-eyðublaðinu svo fremi lögbær stofnun sendiríkisins afturkalli það ekki eða ógildi;
- c) þar til bær stofnun sendiríkisins endurskoði ástæður fyrir útgáfu eyðublaðsins og afturkalli vottorðið, ef nauðsyn krefur, ef stofnun í ráðningarríki lýsir yfir efasemdum um réttmæti upplýsinganna sem eyðublaðið byggist á.
8. Almannyggingastofnanir skulu meta og fylgjast með þeim tilvikum sem falla undir 14. gr. (1. mgr.), 14. gr. a (1. mgr.) og 14. gr. b (1. og 2. mgr.) reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og tryggja fyrirtækjum og launþegum á viðeigandi hátt að ekki sé gengið á rétt þeirra til að veita þjónustu eða rétt launþega til flutninga. Einkum verður að skilgreina á hlutlægan hátt þær viðmiðanir sem notaðar eru við að meta hvort fyrirtæki stundi að jafnaði umtalsverða starfsemi á yfirráðasvæði ríkis, hvort bein tengsl eru milli fyrirtækisins og launþegans eða hvort sjálfstætt starfandi einstaklingur viðheldur þeirri aðstöðu og uppfyllir þær skyldur og skilyrði sem þarf til að stunda starfsemi sína í tilteknu ríki, tilkynna hagsmunaaðilum um þær viðmiðanir og beita þeim stöðugt og á samræmdan hátt í sömu eða svipuðum tilvikum.
9. Rísi ágreiningur um málið milli þar til bærra stofnana geta þær, fyrir milligöngu fulltrúa ríkisstjórnar sinnar, lagt fram athugasemdir fyrir framkvæmdaráðið, sem teknar verða fyrir á fyrsta fundi eftir tuttugasta dag frá því að þær eru lagðar fram, með það fyrir augum að koma á sáttum um ólík sjónarmið varðandi það hvaða lög skuli gilda.
10. Framkvæmdaráðið skal hvetja til samvinnu milli þar til bærra stofnana í aðildarríkjunum við beitingu 14. gr. (1. mgr.), 14. gr. a (1. mgr.) og 14. gr. b (1. og 2. mgr.) og auðvelda eftirfylgni og miðlun upplýsinga, reynslu og góðra starfsvenja við setningu og stöðlun viðmiðana við mat á stöðu fyrirtækja og launþega og í tengslum við eftirlitsaðgerðirnar sem verða teknar upp. Framkvæmdaráðið skal í þessu skyni semja, í áföngum og í þágu yfirvalda á sviði stjórnsýslu, fyrirtækja og launþega, reglur um góðar starfsvenjur við störf útsendra launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem tímabundið gegna starfi utan þess ríkis þar sem þeir hafa staðfestu.
11. Þessi ákvörðun, sem kemur í stað ákvörðunar nr. 162 frá 31. maí 1996, tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Jean-Claude FILLON  
*formaður framkvæmdaráðsins.*